

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja á Skúlagötu, austan Barónsstígs (vestan Snorrabrautar).

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. september 2002.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um verndun hrygningar steinbíts á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 12. október 2002 til og með 31. janúar 2003 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 03'00 N - 26° 10'00 V
2. 65° 17'00 N - 26° 10'00 V
3. 65° 17'00 N - 25° 50'00 V
4. 65° 11'00 N - 25° 42'00 V
5. 65° 03'00 N - 25° 50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.